



Sjálfsmat 2023-2024

Sjálfsmatsskýrsla Grunnskóla Hornafjarðar



Ábyrgðaraðili:
Eygló Illugadóttir,
aðstoðarskólastjóri
2023-2024

Efnisyfirlit

Sjálfsmat veturinn 2023-2024	2
Árlegar kannanir og Skólapúlsinn	3
Árleg foreldrakönnun	3
Niðurstöður úr foreldrakönnun	3
Árleg nemendakönnun	7
Niðurstöður úr nemendakönnun í 1.-5. bekk	7
Niðurstöður úr nemendakönnun í 6.-10. bekk	8
Árleg starfsmannakönnun	10
Niðurstöður starfsmannakönnunar	10
Lesferill – lesfimiþróf	14
Þróunaráætlanir teyma	14
Þróunaráætlun HOV	14
Þróunaráætlun LTÁ	Error! Bookmark not defined.

Sjálfsmat veturinn 2023-2024

Samkvæmt 35. og 36. grein grunnskólalaga frá 2008 ber öllum grunnskólum að framkvæma kerfisbundið sjálfsmat. Tilgangur með sjálfsmatinu er að kanna hvort markmiðum skólans hefur verið náð, greina sterka og veika þætti í skólastarfinu og skapa þannig grunn að umbótum. Margir ólíkir þættir hafa áhrif á skólastarf og skólar verða að koma til móts við ólíkar þarfir. Sjálfsmatið verður stöðugt að vera í gangi og er langtímamiðað. Með því fer fram víðtæk gagnasöfnun um skólastarfið. Sjálfsmat skóla er því leið til þess að miðla þekkingu á skólastarfi og er liður í þróun og vexti hvers skóla. Sjálfsmat, umbætur og mat á þeim eru því lykill að því að gera góðan skóla betri.

Í þessari skýrslu eru birtar tölfræðilegar og myndrænar niðurstöður kannana skólaársins 2023-2024. **Næsta skólaár 2024-2025 mun sjálfsmatsteymið hefja vinnu vetrarins á því að rifja upp umbótaráætlun upp úr þeim könnunum sem lagðar voru fyrir síðastliðið ár auk þess sem nýjar kannanir verða lagðar fyrir.**

Í sjálfsmatsteymi skólans er þrír starfsmenn, þ.m.t. einn fulltrúi stjórnenda. Hlutverk teymisins er að halda utan um og skipuleggja innra mat skólans.

Í sjálfsmatsáætlun Grunnskóla Hornafjarðar 2019-2022 á heimasíðu skólans

https://gs.hornafjordur.is/media/pdf-sjalfsmat/verkaaetlun_gh_2019-2022.pdf er hægt að sjá áætlun um framkvæmd mats Grunnskóla Hornafjarðar.

Skólinn nýtir sér kannanir Skólapúlsins í sjálfsmati skólans og einbeitir sér að þeim niðurstöðum sem skólinn fær í gegnum Skólapúlsinn, nemenda-, foreldra- og starfsmannakannanir, og að gera umbótaáætlanir fyrir þá þætti sem þurfa þykir samkvæmt niðurstöðum.

Í þessari skýrslu er nánari útfærsla á niðurstöðum matsins sem byggt er á nemenda-, foreldra- og starfsmannakannana Skólapúlsins sem lagðar voru fyrir veturinn 2023-2024. Á skólaárinu voru einnig haldnir fundir þar sem sjálfsmatsteymið kynnti niðurstöður Skólapúls kannananna fyrir starfsfólki skólans auk þess sem teymið hittist reglulega til að rýna í niðurstöður kannananna.

Allir nemendur Grunnskóla Hornafjarðar komu að sjálfsmati vetrarins. Nemendur í 2.-5. bekk svara stuttri könnun um ánægju af lestri, ánægju með skólann og líðan í skólanum en nemendur í 6.-10. bekk svöruðu árlegri nemendakönnun.

Hluti foreldra kom að mati á skólastarfinu með þátttöku í árlegri foreldrakönnun Skólapúlsins.

Árlegar kannanir og Skólapúlsinn

Á hverju skólaári eru lagðar fyrir kannanir sem styðja við sjálfsmat skólans. Niðurstöður úr slíkum könnunum gefa góðar vísbendingar um skólastarfið. Þegar niðurstöður eru jákvæðar um skólastarfið styrkir það skólasamfélagið til áframhaldandi góðra verka. Þegar niðurstöður draga fram veikleika í skólastarfinu er reynt að bregðast við með viðeigandi umbótum eins fljótt og auðið er. Það er því mikilvægt að ná til sem flestra þegar kemur að því að meta skólastarfið. Í Grunnskóla Hornafjarðar eru lagðar fyrir árlegar kannanir, fyrir nemendur, foreldra og starfsfólk skóla. Grunnskóli Hornafjarðar notast við sjálfsmatsskannanir Skólapúlsins. Nemenda-, foreldra- og starfsmannakannanir voru lagðar fyrir með vefkerfi Skólapúlsins. Kannanir voru lagðar fyrir alla nemendur í 6.-10. bekk eins og fyrri ár. Nemendur í 2.-5. bekk svöruðu könnun Skólapúlsins sem mældi ánægju af lestri og líðan í skólanum. Foreldrar 96 barna tóku þátt í foreldrakönnun Skólapúlsins og allt starfsfólk skólans tók starfsmannakönnun Skólapúlsins. Vefkerfi Skólapúlsins hýsir bæði verkefni Skólapúlsins og Skólavogarinnar sem mörg sveitarfélög nýta þ.á.m. Sveitarfélagið Hornafjörður. Vefkerfið heldur m.a. utan um ýmsar upplýsingar tengdar rekstri skólans og skilar samanburði á viðhorfi nemenda, foreldra/forsjáraðila og kennara í skólum við aðra grunnskóla landsins í gegnum kannanir Skólapúlsins. Á heimasíðu grunnskólans er hægt að lesa skýrslur með niðurstöðum kannana Skólapúlsins <http://gs.hornafjordur.is/stefna-og-aaetlun/sjalfsmat/innra-mat/>

Um fjöllum um niðurstöður allra kannanna má sjá hér fyrir neðan.

Árleg foreldrakönnun

Foreldrakönnun Skólapúlsins var lögð fyrir foreldra í febrúar 2024. Viðmiðunarhópur foreldrakönnunar Skólapúlsins samanstóð af meðaltali foreldra úr skólum af öllu landinu. Tekið var líkindaúrtak úr foreldrahópi alls skólans en samtals voru það foreldrar/forsjáraðilar 118 barna sem fengu boð til að taka þátt í könnuninni. Svarhlutfall í foreldrakönnuninni í Grunnskóla Hornafjarðar var 81,4% en 96 foreldrar svöruðu könnuninni. Foreldrakönnuninni er skipt upp í fimm hluta *nám og kennsla, velferð nemenda, aðstaða og þjónusta, foreldrasamstarf og heimastuðningur*. Hver efnisflokkur samanstendur af mismunandi matsþáttum.

Niðurstöður úr foreldrakönnun

Eftirfarandi eru niðurstöður úr foreldrakönnun vetrarins.

1. Nám og kennsla

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
1.1. Ánægja foreldra með nám og kennslu í skólanum	5,3	96	0,3	5,0	3.536	0,3
1.2. Ánægja foreldra með stjórnun skólans	90,7%	78/86	0,9%	87,6%	2832/3221	3,1%
1.3. Hæfileg þyngd námsefnis í skólanum að mati foreldra	94,6%	88/93	3,2%	85,7%	2914/3414	8,9%*
1.4. Hæfilegur agi í skólanum að mati foreldra	70,5%	62/88	-0,3%	68,1%	2232/3270	2,4%

Þátturinn nám og kennsla kemur vel út og eru foreldrar almennt ánægðir með nám, kennslu og stjórnun skólans. Foreldrar telja þyngd námsefnis mjög hæfilega og eru þar marktækt yfir landsmeðaltali. Rétt rúmlega 70% foreldra telja að í skólanum sé hæfilegur agi en það er svipað og gerist á landinu.

2. Velferð nemenda

Matsþættir ↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
2.1. Ánægja foreldra með samskipti starfsfólks við nemendur	4,7	90	0,2	4,7	3.231	0,0
2.2. Ánægja foreldra með hve vel skólinn mætir þörfum nemenda	96,6%	86/89	8,1%	86,8%	2908/3341	9,8%*
2.3. Líðan nemenda í skólanum að mati foreldra almennt	95,7%	88/92	4,1%	90,2%	3163/3517	5,5%
2.4. Líðan nemenda í kennslustundum að mati foreldra almennt	97,8%	90/92	5,2%	89,9%	3126/3491	7,9%*
2.5. Líðan nemenda í frímínútum að mati foreldra almennt	93,5%	86/92	3,0%	89,6%	3112/3471	3,9%
2.6. Umfang eineltis í skólanum að mati foreldra	4,3%	4/94	-4,9%	9,7%	354/3473	-5,4%*
2.7. Hlutfall eineltistilvika sem tilkynnt voru til skólans	90,9%	10/11	-	89,1%	567/651	1,8%
2.8. Ánægja foreldra með úrvinnslu skólans á eineltismálum	60,0%	6/10	16,2%	61,3%	337/565	-1,3%
2.9. Ánægja foreldra með hraða á úrvinnslu skólans á eineltismálum	50,0%	5/10	6,2%	59,2%	332/566	-9,2%
2.10. Ánægja foreldra með eineltisáætlun skólans	80,4%	45/56	8,3%	75,6%	1559/2021	4,8%
2.11. Meðaltímabil eineltis	1,5	10	-0,1	1,5	648	0,0
2.12. Staðir innan skólans sem einelti á sér stað	-	11	-	-	-	-
2.13. Hlutfall foreldra sem vilja banna snjallsíma í grunnskólum	41,5%	39/94	-	39,9%	1399/3433	1,6%

Þátturinn velferð nemenda kemur einnig vel út og erum við þar á þremur stöðum marktækt yfir/undir landsmeðaltali, en það er á ánægju foreldra með hve vel skólinn mætir þörfum nemenda en 96,6% foreldra eru ánægðir með það hve vel skólinn mætir þörfum þeirra barns. 95,7% foreldra telja að börnum sínum líði vel í kennslustundum. Einelti mælist

marktækt undir landsmeðaltali. Ánægja foreldra með hraða á úrvinnslu á eineltismálum er undir landsmeðaltali en aðrir þættir eru í kringum landsmeðaltal.

3. Aðstaða og þjónusta

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
3.1. Ánægja foreldra með aðstöðu í skólanum	5,5	92	0,4	5,3	3.413	0,2
3.2. Ánægja foreldra með tómsundabjónustu	4,7	57	0,0	4,8	1.997	-0,1
3.3. Hlutfall nemenda í tómsundabjónustu/frístundaheimili	62,6%	57/91	-8,5%	60,4%	2128/3359	2,2%
3.4. Ástæður fyrir því að nemendur nýta ekki tómsundabjónustu	-	33	-	-	-	-
3.5. Ánægja foreldra með máltíðir í mataráskrift	73,8%	62/84	1,4%	76,1%	2426/3134	-2,3%
3.6. Notkun á mataráskrift	91,5%	86/94	2,3%	92,1%	3233/3487	-0,6%
3.7. Ástæður þess að nemendur nýta ekki mataráskrift	12,5%	1/8	12,5%	3,8%	8/251	8,7%

Á þættinum aðstaða og þjónusta eru niðurstöður allar á og um landsmeðaltal. Ánægja foreldra með aðstöðu í skólanum fer upp um 0,4 síðan í fyrra en munurinn er þó ekki marktækur.

4. Foreldrasamstarf

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
4.1. Frumkvæði kennara að foreldrasamstarfi	5,4	90	0,2	4,9	3.317	0,5*
4.2. Áhrif foreldra á ákvarðanir varðandi nemendur	70,2%	59/84	13,8%	59,6%	1691/2793	10,6%*
4.3. Leitað eftir tillögum frá foreldrum og ábendingar teknar til greina	77,9%	53/68	13,6%	65,9%	1667/2460	12,0%*
4.4. Ánægja með síðasta foreldraviðtal	97,8%	88/90	4,0%	92,7%	3113/3337	5,1%
4.5. Málefni sem rædd voru í síðasta foreldraviðtali	-	94	-	-	-	-
4.6. Þátttaka foreldra í gerð námsáætlunar með nemandanum	55,6%	45/81	4,6%	50,6%	1467/2934	5,0%
4.7. Mikilvægi þess að gera námsáætlun með nemandanum að mati foreldra	79,0%	64/81	-5,1%	85,9%	2196/2561	-6,9%*
4.8. Ánægja foreldra með heimasíðu skólans	72,1%	62/86	-6,1%	79,2%	2564/3217	-7,1%*
4.9. Foreldrar upplýstir um stefnu skólans og námskrá	83,5%	76/91	1,5%	71,8%	2539/3457	11,7%*

Þátturinn foreldrasamstarf kemur vel út þetta árið, en fjórir þættir þar mælast yfir landsmeðaltali en það eru frumkvæði kennara að foreldrasamstarfi, áhrif foreldra á ákvarðanir varðandi nemendur og hvort tillögur og ábendingar frá foreldrum séu teknar til

greina, eins telja foreldrar sig vel upplýsta um stefnu og námsskrá skólans. Aftur á móti eru tveir þættir sem mælast marktækt undir landsmeðaltali en það er ánægja með heimasíðu skólans sem lengi hefur verið á þeim stað og svo skoðun foreldra á mikilvægi þess að gera námsáætlun með nemandanum. Aðrir þættir er á eða við landsmeðaltal.

5. Heimastuðningur

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
5.1. Virkni foreldra í námi barna sinna	4,7	94	-0,1	4,8	3.426	-0,1
5.2. Vilji nemenda til að leita eftir þátttöku foreldra í náminu	4,6	94	0,0	4,5	3.417	0,1
5.3. Hæfileg heimavinna að mati foreldra	79,1%	72/91	-3,5%	76,4%	2350/3069	2,7%
5.4. Tími sem foreldrar aðstoða við heimanám	46,2%	42/91	-9,8%	53,2%	1776/3274	-7,0%
5.5. Væntingar foreldra um háskólanám	59,0%	46/78	-6,2%	71,8%	1812/2592	-12,8%*
5.6. Væntingar foreldra um iðnnám	25,6%	20/78	2,0%	17,1%	464/2592	8,5%*

Á þættinum heimastuðningur eru flestir þættir um og við landsmeðaltal en væntingar foreldra um háskólanám eru töluvert undir landsmeðaltali og mælist munurinn marktækur, aftur á móti mælast væntingar foreldra um iðnnám marktækt yfir landsmeðaltali.

Opin svör

Foreldrar eru beðnir um að lýsa því hvað þeim þykir sérstaklega gott við skólann og þar kom fram að foreldrar eru ánægðir með kennara skólans og þeir eigi góð samskipti við starfsfólk skólans.

Foreldrar eru einnig beðnir um að lýsa því hvað þeim þykir að betur megi fara í skólanum og þar lýsa nokkrir óánægju með matinn eða hlutum sem lúta að matsalnum eða matnum. Nokkrir nefna aðstöðuna við Hafnarskóla, útisvæði, lengda viðveru o.s.frv.

Foreldrar fengu einnig tækifæri til að tjá sig um snjallsímanotkun nemenda og eru flestir sem þar tjá sig á þeirri skoðun að nemendur eigi ekki að fá að vera með snjallsíma í skólanum.

Umbótaáætlun

Undanfarna vetur höfum við verið að einbeita okkur að agamálum og upplýsingagjöf. Upplýsingagjöfin er á töluverðri uppleið og agamálin eru komin í meira jafnvægi en áður.

Árleg nemendakönnun

Að þessu sinni var nemenda könnun á yngri bekkjum tekin í október í 2.-5. bekk. Ákveðið var hjá Skólapúlsinum að sleppa 1. bekk við Skólapúlsinn. Svarhlutfall var 93,7%. Spurt er um ánægju nemenda af lestri, ánægju með skólann og líðan í skólanum.

Nemendakönnun Skólapúlsins fyrir nemendur í 6. – 10. bekk var lögð fyrir nemendur í október og apríl og þurfa allir nemendur í þessum bekkjum að taka þátt einu sinni yfir skólaárið. Svarhlutfallið var 94,6%. Skólinn fær niðurstöður með samanburði við landið í heild eftir hverja könnun og heildarniðurstöður yfir árið í byrjun júní. Nemendur eru spurðir um líðan þeirra í skólanum, virkni þeirra í námi auk almennra spurninga um skóla og bekkjaranda.

Niðurstöður úr nemendakönnun í 2.-5. bekk

Undanfarin ár hafa heildarniðurstöður í nemendakönnun yngri nemenda komið mjög vel út og verið yfir landsmeðaltali á flestum þáttum og flestum bekkjum. Eins og í fyrra eru allar heildarniðurstöður marktækt yfir landsmeðaltali. Niðurstöður eru alltaf kynntar kennurum á sameiginlegum fundi og eru því kennarar í öllum bekkjum meðvitaðir um niðurstöðurnar og fara yfir hvernig hægt er að bregðast við.

1. Ánægja af lestri

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
1.1. Ánægja af lestri 2.b	6,2	23	1,7	5,1	791	1,1*
1.2. Ánægja af lestri 3.b	5,6	16	-0,3	5,1	801	0,5
1.3. Ánægja af lestri 4.b	5,4	34	0,4	4,8	855	0,6*
1.4. Ánægja af lestri 5.b	5,1	29	-0,1	4,3	829	0,8*
1.5. Ánægja af lestri 2.-5.b	5,5	102	0,3	4,8	3.276	0,7*

Eins og hér sést eru allir bekkir töluvert yfir landsmeðaltali á þættinum ánægja með lestur. Allir bekkir nema 3. bekkur og heildarniðurstaðan eru marktækt yfir landsmeðaltali. 3. bekkur er þó töluvert yfir og trúlega ekki langt frá því að vera marktækt yfir.

2. Ánægja með skólann

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
2.1. Ánægja með skólann 2.b	6,2	23	0,1	5,5	783	0,7*
2.2. Ánægja með skólann 3.b	5,0	16	-1,6	5,3	797	-0,3
2.3. Ánægja með skólann 4.b	6,2	34	1,1	5,1	855	1,1*
2.4. Ánægja með skólann 5.b	5,5	29	-0,6	4,9	831	0,6*
2.5. Ánægja með skólann 2.-5.b	5,8	102	-0,1	5,2	3.266	0,6*

Á þættinum ánægja með skólann er niðurstaðan svipuð og á fyrri þætti – allir bekkir og heildarniðurstaðan eru marktækt yfir landsmeðaltali nema 3. bekkur sem mælist aðeins undir.

3. Velliðan í skólanum

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
3.1. Velliðan í skólanum 2.b	6,6	23	0,6	5,4	782	1,2*
3.2. Velliðan í skólanum 3.b	4,5	16	-2,7	5,3	797	-0,8
3.3. Velliðan í skólanum 4.b	6,4	34	0,8	5,0	853	1,4*
3.4. Velliðan í skólanum 5.b	5,8	29	-0,5	5,0	830	0,8*
3.5. Velliðan í skólanum 2.-5.b	6,0	102	-0,4	5,2	3.262	0,8*

Á þættinum velliðan í skólanum er niðurstaðan sú sama og áður, allir bekkir og heildarniðurstaðan marktækt yfir landsmeðaltali nema 3. bekkur sem er töluvert undir en þó ekki marktækt.

Niðurstöður úr nemendakönnun í 6.-10. bekk

Eftirfarandi eru heildarniðurstöður úr nemendakönnun fyrir 6. – 10. bekk.

1. Virkni nemenda í skólanum

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
1.1. Ánægja af lestri	4,2	98	-0,1	4,2	17.661	0,0
1.2. Þrautseigja í námi	4,1	104	-0,3	4,4	17.780	-0,3
1.3. Áhugi á stærðfræði	4,5	104	-0,3	4,5	18.033	0,0
1.4. Ánægja af náttúrufræði	3,7	104	-0,4	4,2	18.019	-0,5*
1.5. Trú á eigin vinnubrögð í námi	4,0	104	-0,3	4,3	17.746	-0,3*
1.6. Trú á eigin námsgetu	4,8	103	-0,4	4,8	17.967	0,0
1.7. Hlutfall nemenda með snjallsíma	76,5%	78/102	-	80,3%	13920/17500	-3,8%
1.8. Símanotkun á skólatíma	0,9 klst.	78	-	0,6 klst.	13.871	0,3 klst.

Að ofanverðu má sjá niðurstöður úr þættinum virkni nemenda í skólanum. Við fyrstu sýn eru niðurstöðurnar ekki sérstakar, allt rautt. Aftur á móti eru flestir þættirnir akkurat á landsmeðaltali nema ánægja af náttúrufræði og trú á eigin vinnubrögð í námi sem mælast marktækt undir landsmeðaltali. Þættir 1.7 og 1.8 eru nýjar spurningar um hlutfall nemenda með snjallsíma og símanotkun á skólatíma. Hlutfall nemenda með snjallsíma er svipað og gerist og gengur á landinu en nemendur í Grunnskóla Hornafjarðar nota símann að meðaltali í 0,9 klst. á skólatíma á meðan landsmeðaltalið er 0,6 klst.

2. Líðan og heilsa

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
2.1. Sjálfsálit	4,1	103	-0,3	4,3	17.675	-0,2
2.2. Stjórn á eigin lífi	4,4	102	-0,1	4,3	17.611	0,1
2.3. Vellíðan	4,7	103	0,2	4,4	17.840	0,3
2.4. Áhyggjur og stress - ástæður	-	20	-	-	-	-
2.5. Einelti	5,7	102	-0,1	5,8	17.796	-0,1
2.6. Tíðni eineltis	8,8%	9/102	-6,7%	15,2%	2787/17751	-6,4%*
2.7. Staðir eineltis	-	9	-	-	-	-
2.8. Í mataráskrift	74,5%	76/102	-	76,9%	13666/17613	-2,4%
2.9. Oftast góður eða frekar góður matur	33,7%	29/86	-	40,1%	6029/14960	-6,4%
2.10. Af hverju ertu ekki í mataráskrift	-	16	-	-	-	-
2.11. Ábendingar nemenda um matinn í skólanum	-	42	-	-	-	-

Á þættinum líðan og heilsa eru niðurstöður mjög svipaðar og gerist almennt á landinu. Við erum að halda sjó á öllum þáttum en vissulega myndum við vilja vera yfir landsmeðaltali. Tíðni eineltis mælist marktækt undir landsmeðaltali.

3. Skóla- og bekkjarandi

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
3.1. Samsömun við nemendahópinn	4,5	101	-0,7	4,8	17.518	-0,3
3.2. Samband nemenda við kennara	4,6	102	-0,2	4,7	17.702	-0,1
3.3. Agi í tímum	4,8	102	0,1	4,7	17.681	0,1
3.4. Virk þátttaka nemenda í tímum	4,7	102	-0,2	4,8	17.592	-0,1
3.5. Tíðni leiðsagnarmats	5,3	101	0,1	4,8	17.608	0,5*

Þátturinn skóla- og bekkjarandi kemur svipað út og sl. skólaár. Samsömun við nemendahópinn dettur þó verulega niður á við miðað við síðasta vetur. Tíðni leiðsagnarmats er marktækt yfir landsmeðaltali sem er virkilega ánægjulegt þar sem unnið hefur verið að innleiðingu leiðsagnarnáms í skólanum sl. tvö skólaár.

Opin svör

Nemendur hafa tækifæri til að svara hvað þeim þykir gott við skólann og hvað þeim þykir að betur mætti fara. Mörgum þykja kennararnir góðir og gott að eiga vini í skólanum. Þau eru ánægð með að fá að fara í íþróttahúsið í frímínútum. Margir nefna einnig íþróttir og smíðjur.

Það sem nemendum þykir að betur mætti fara er eins og venjulega maturinn, einhverjir nefna að íþróttahúsið ætti alltaf að vera opið í frímínútum.

Umbótaáætlun

Náttúrufræði, þrautseigja, trú á eigin getu, samsömun við nemendahópinn

Undanfarin ár fara starfsmenn yfir niðurstöður nemendakannana þegar þær liggja fyrir og greina hvað við getum gert betur og hvað gengur vel. Sl. ár höfum við verið að einbeita okkur að dugnaði og þrautseigju og trú á eigin getu sem virðist vera að dala í ár og því ákveðnar aðgerðir settar í gang hvað það varðar. Ánægja af náttúrufræði hefur verið á niðurleið og mælist nú marktækt undir landsmeðaltali og hefur nú þegar verið lagst í ákveðnar skipulagsbreytingar á náttúrufræðikennslu. Samsömun við nemendahópinn tók mikla dýfu niður á við í ár þó að verið væri að vinna mjög markvisst í því inni í ákveðnum bekkjum. Fyrir höndum er vinna við að móta betur móttökuáætlun nýrra nemenda sem og verkferla sem snúa að því.

Árleg starfsmannakönnun

Starfsmannakönnun Skólapúlsins var lögð fyrir starfsmenn í mars 2024. Skólinn fær heildarniðurstöður með samanburði við landið í heild í byrjun apríl. Allir starfsmenn skólans eru spurðir um: viðhorf til skólans, stjórnun, starfsþróun, jafnrétti/jafnræði, starfsanda, vinnuáðstöðu, álag og áreitni og einelti. Að auki eru starfsmenn sem stunda kennslu beðnir um að gefa upplýsingar um: stefnumótun, aðstæður til kennslu, kennsluhætti, bekkjarstjórnun, endurgjöf og námsmat. Hver efnisflokkur samanstendur af mismunandi matsþáttum.

Niðurstöður starfsmannakönnunar

Eftirfarandi eru niðurstöður úr starfsmannakönnun vetrarins.

1. Starfið

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
1.1. Vinnuálag	4,2	49	-0,4	4,7	1.339	-0,5*
1.2. Skýrleiki hlutverks	5,0	49	0,2	4,9	1.335	0,1
1.3. Ágreiningur um hlutverk	5,0	49	0,1	4,8	1.339	0,2
1.4. Jákvæðar áskoranir í starfi	5,1	49	-0,2	5,0	1.338	0,1

Fram kemur að vinnuálag í Grunnskóla Hornafjarðar er marktækt undir landsmeðaltali. Starfsmenn vita hvert hlutverk sitt er og telja sig fá jákvæðar áskoranir í starfi.

2. Starfsfólk

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
2.1. Leikni í starfi	5,3	49	0,6	4,9	1.319	0,4
2.2. Skuldbinding til vinnustaðarins	5,4	49	0,0	4,9	1.320	0,5*
2.3. Skörun vinnu og einkalífs	4,6	49	-0,4	4,9	1.317	-0,3
2.4. Ræktun mannauðs	4,8	48	-0,2	5,1	1.763	-0,3
2.5. Starfsmannaviðtöl undanfarið ár	93,9%	46/49	-2,3%	80,6%	999/1239	13,3%*
2.6. Gagnsemi starfsmannaviðtals	92,5%	37/40	3,1%	88,8%	827/931	3,7%

Á þættinum starfsfólk eru allir þættir yfir landsmeðaltali nema ræktun mannauðs sem er aðeins undir. Þættirnir skuldbinding til vinnustaðarins og tíðni starfsmannaviðtala mælast marktækt yfir landsmeðaltali.

3. Vinnustaðurinn

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
3.1. Starfsandi	5,3	49	0,0	5,2	1.309	0,1
3.2. Ánægja með vinnuaðstöðu	4,7	47	-0,1	4,8	1.262	-0,1
3.3. Stytting vinnuviku	90,2%	37/41	-	83,8%	903/1077	6,4%
3.4. Ánægja með styttingu vinnuviku	35,1%	13/37	-	44,3%	399/900	-9,2%
3.5. Stuðningur frá samstarfsfólki	4,8	49	-0,5	5,1	1.303	-0,3
3.6. Stuðningur við nýsköpun	5,0	49	-0,6	5,1	1.300	-0,1
3.7. Mismunur	4,3	49	-0,2	4,7	1.302	-0,4*
3.8. Einelti (þú)	0%	0/47	-1,9%	4,2%	55/1322	-4,2%
3.9. Einelti (annar en þú)	10,4%	5/48	1,0%	10,7%	141/1314	-0,3%
3.10. Einelti (séð 2 eða fleiri lagða í einelti)	2,1%	1/48	2,1%	3,2%	42/1314	-1,1%
3.11. Kynferðisleg áreitni	0%	0/49	0,0%	0,8%	10/1327	-0,8%

Í flokknum vinnustaðurinn er niðurstaðan mjög svipuð og í fyrra þó að tveir þættir, stuðningur frá samstarfsfólki og stuðningur við nýsköpun fari töluvert niður á við þá eru þeir rétt við landsmeðaltalið. Ánægja með styttingu vinnuvikunnar er tæp 10% undir landsmeðaltali. Marktækt minni mismunur mælist en á landinu.

4. Stjórnun

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
4.1. Stuðningur frá næsta yfirmanni	5,6	49	0,0	5,3	1.674	0,3
4.2. Sanngjörn forysta næsta yfirmanns	5,5	49	-0,1	5,3	1.671	0,2
4.3. Valdeflandi forysta næsta yfirmanns	5,3	49	0,2	5,2	1.654	0,1
4.4. Stuðningur frá öðrum yfirmanni	4,6	41	-	5,0	573	-0,4*
4.5. Sanngjörn forysta annars yfirmanns	4,4	40	-	4,9	570	-0,5*
4.6. Valdeflandi forysta annars yfirmanns	4,5	39	-	4,9	569	-0,4

Á þættinum stjórnun er stuðningur og forysta næsta yfirmanns yfir landsmeðaltali en aftur á móti er stuðningur og sanngjörn forysta annars yfirmanns marktækt undir landsmeðaltali.

5. Kennarar - Kennarastarfið

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
5.1. Ánægja með kennarastarfið	5,7	29	-0,2	5,1	1.261	0,6*
5.2. Trú kennara skólans á eigin getu	5,0	29	-0,2	4,9	1.257	0,1
5.3. Upplýsingamiðlun til foreldra	4,5	24	-0,4	4,9	1.092	-0,4
5.4. Áætlaður meðaltími í heimavinnu nemenda á viku	33,9 mín	27	1,8 mín	39,5 mín	1.075	-5,6 mín
5.5. Undirbúningur kennslu í skólanum	79,3%	23/29	8,3%	67,4%	875/1299	11,9%
5.6. Öllum bekknum kennt í einu	35,7%	10/28	5,7%	47,3%	546/1155	-11,6%
5.7. Hópa vinna í bekk	19,2%	5/26	-25,6%	34,8%	392/1125	-15,6%*
5.8. Einstaklingsvinna í bekk	26,9%	7/26	6,2%	30,8%	377/1225	-3,9%
5.9. Einstaklingsmiðuð kennsla	63,0%	17/27	4,9%	54,4%	676/1243	8,6%
5.10. Áhersla kennara á námsmat með prófum	7,4%	2/27	4,0%	13,2%	156/1181	-5,8%
5.11. Áhersla kennara á námsmat með öðru en prófum	67,9%	19/28	3,4%	77,0%	985/1280	-9,1%

Kennarar í Grunnskóla Hornafjarðar eru ánægðari með kennarastarfið en aðrir kennarar. Hvað varðar upplýsingamiðlun til foreldra þá er annars vegar um að ræða að kennarar tali við og/eða sendi upplýsingar til foreldra um námsárangur nemenda, og hins vegar tali við og/eða sendi upplýsingar til foreldra um hegðun og/eða líðan. En kennarar telja að þeir veiti minni upplýsingar en aðrir. Einstaklingsmiðuð kennsla hækkaði aðeins. Áhersla kennara á námsmat með prófum er enn töluvert minni en almennt gerist og áhersla á námsmat með öðru en prófum er á landsmeðaltali. Kennarar hér áætla 15,3 mín styttri tíma í heimavinnu en almennt gerist og telst niðurstaðan marktæk. Hópa vinna í bekk er marktækt minni en

gengur og gerist og einnig er bekkjum minna kennt öllum í einu hér en að meðaltali á landinu.

6. Kennarar - Starfsumhverfi kennara

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
6.1. Stuðningur við kennara vegna nem. með námserfiðleika	5,9	27	1,0	5,0	1.124	0,9*
6.2. Stuðningur við kennara vegna hegðunarörðugleika nem.	5,2	26	0,5	5,1	1.116	0,1
6.3. Faglegur stuðningur skólastjóra við kennara	5,3	29	0,1	4,9	1.239	0,4
6.4. Samráð um kennslu	5,6	26	0,5	5,5	1.165	0,0
6.5. Samvinna um kennslu	5,2	27	-0,2	5,5	1.127	-0,3

Í þessum flokki eru kennarar marktækt ánægðari en aðrir með stuðning við kennara vegna nemenda með námserfiðleika. Aðrir þættir mælast svipað og gengur og gerist en bæði stuðningur við kennara v. hegðunarörðuleika og samráð um kennslu fara töluvert upp á við frá síðasta skólaári.

7. Kennarar - Símenntun kennara

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
7.1. Fjöldi daga í símenntun undanfarið ár	32,1%	9/28	-12,3%	44,4%	523/1177	-12,3%
7.2. Símenntunarpörf kennara	5,4	28	0,0	5,4	1.182	0,0
7.3. Símenntunarpörf kennara (annað)	-	0	-	-	-	-
7.4. Hlutfall kennara sem hefðu viljað meiri símenntun undanf. 12 mán.	58,6%	17/29	5,3%	51,3%	615/1199	7,3%
7.6. Leiðir kennara til að auka eigin þekkingu/færni sl. 12 mán.	-	28	-	-	-	-

Fjöldi daga í símenntun er töluvert lægri hér en á landinu eða 32,1% og 40,4%. Fleiri kennarar hér en almennt gerist hefðu viljað fá meiri símenntun undanfarið ár.


Opin svör

Kennarar gátu lýst því yfir hvað þeim finnst sérstaklega gott við skólann og þar kom fram að við skólann starfar frábært starfsfólk og margir tala um góðan starfsanda, samvinnu og samheldni starfsfólks. Kennarar lýsa mikilli grósku og metnaði til að gera betur.

Einnig gátu kennarar lýst því yfir hvað þeim finnst betur megi fara í skólanum og má þar helst nefna aðbúnað og stofnbúnað sem fólki finnst vanta, skipulag stoðþjónustu og slúður. Einnig nefna margir upplýsingaflæði innan stofnunarinnar sem er svipað og var í fyrra.

Lesferill – lesfimiþróf

Lesfimiþróf Menntamálastofnunar hafa verið lögð fyrir nemendur Grunnskóla Hornafjarðar frá upphafi, haustinu 2016, og var skólinn einn af skólum landsins sem tók þátt í fyrirlögnum þegar unnið var að stöðlun lesfimiþrófanna. Niðurstöður í maí 2024 má sjá á eftirfarandi mynd:



Eins og sjá má á myndinni þá fylgja nemendur grunnskólans að mestu leyti landsmeðaltali en 3. bekkur mælist töluvert undir á meðan 5. og 6. Mælast töluvert yfir.

Þróunaráætlanir teyma

Í vetur voru tvö teymi fyrir utan sjálfsmatsteymið starfrækt en það eru teymin „Leið til árangurs“- LTÁ og Heilbrigði og velferð- HOV.

Þróunaráætlun HOV

Í maí og júní var unnið að endurskoðun á þróunaráætlun HOV bæði innan teymis og síðan á

